

Samkomulag

forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um samráð varðandi fjármálastöðugleika og viðbúnað

Tilgangur

Frá stofnun Fjármálaeftirlitsins í ársbyrjun 1999 hafa það og Seðlabanki Íslands átt náið samstarf um viðfangsefni sem varða fjármálastöðugleika, þ.m.t. um viðbúnað við hugsanlegum áföllum í fjármálakerfinu. Undanfarin tvö ár hefur einnig átt sér stað óformlegt samráð forsætisráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, viðskiptaráðuneytisins, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans um sama efni. Tilgangur þessa samkomulags er að formbinda samráð aðila á þessu sviði. Með því er leitast við að skerpa hlutverkaskiptingu, hindra tvíverknað og auka gegnsæi. Samkomulagið takmarkar ekki svigrúm hvers um sig til sjálfstæðra ákvarðana um aðgerðir út frá hlutverki og ábyrgð sinni.

Samráðshópur

Góð almenn umgjörð í lögum, reglum og eftirliti með starfsemi fjármálafyrirtækja og markaða er grundvallarforsenda fjármálastöðugleika og traust og skilvirkt fjármálakerfi er mikilvæg forsenda fyrir vexti og velferð þjóðarbúsins. Aðilar samkomulagsins stuðla saman að því að þessar forsendur séu til staðar á grundvelli lögbundinna hlutverka og verkefna sinna. Þá leitast þeir við að samhæfa viðbrögð sín við hugsanlegu fjármálaáfalli.

Vettvangur samráðsins er samráðshópur fulltrúa forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands. Samráðshópurinn hittist eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Hann skal þó kallaður saman um leið og forstjóri Fjármálaeftirlitsins og/eða bankastjórn Seðlabankans leggja til að svo verði gert vegna atvika sem varða stöðu fjármálafyrirtækja eða markaða. Fulltrúi forsætisráðuneytis stýrir starfi hópsins. Við undirbúning kynninga og í umræðum er gætt þeirrar þagnarskyldu sem hver aðili er bundinn.

Á fundum sínum fjallar samráðshópurinn m.a. um:

- Stöðu og horfur á fjármálamörkuðum
- Meiriháttar breytingar á lögum, reglum og starfsháttum er varða fjármálamarkaðinn
- Álitamál í alþjóðlegu samstarfi, sérstaklega innan EES.

Viðbúnaður og verklag

Samráðshópurinn er vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta. Hann er ráðgefandi og tekur ekki ákvarðanir um aðgerðir. Samráðshópurinn útbýr og heldur við lista yfir helstu tengiliði. Hann getur staðið að og tekið þátt í viðlagæfingum eins og þeim sem hafa farið fram í samvinnu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands.

Skapist þær aðstæður að fjármálakerfinu sé talin hætta búin vegna áfalls í fjármála-fyrirtæki eða á markaði skal efnt til umfjöllunar í samráðshópnum án tafar. Viðbrögð við slíkum vanda eru háð aðstæðum hverju sinni en grundvallaratriði er að eigendur og stjórnendur fjármálafyrirtækja sem og markaðsaðilar leysi vanda sinn sjálfir.

Endurskoðun samkomulagsins

Samkomulagið skal endurskoðað þegar einhver aðila þess óskar þess.

Nánara samstarf Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands

Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn fylgjast grannt með og leitast við að stuðla að heilbrigði íslensks fjármálakerfis, hvor stofnunin með sínum hætti í samræmi við hlutverk sitt. Um samstarf þeirra gildir opinber samningur, fyrst gerður 1999 en nú frá 2003, þar sem meðal tilgreindra markmiða er að tryggja samræmd viðbrögð við hugsanlegri kerfisáhættu á fjármálamarkaði.

21. febrúar 2006